

## Fundargerð háskólaráðs

348. fundur miðvikudaginn 14. maí 2014

Aðalstræti 82 (heimili Sigrúnar Stefánsdóttur), kl. 17.00 – 20.30

Staðgengill rektors Sigrún Stefánsdóttir setti fund kl. 17.05.

Mættir voru auk hennar:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Lísa Z. Valdimarsdóttir verkefnastjóri skjalamála (fundarritari)

Gestir:

Eyjólfur Guðmundsson, umsækjandi um stöðu rektors HA.

### 1. Ráðning rektors


1401153

Í upphafi fundar fór háskólaráð yfir andmæli vegna álitsgerðar valnefndar. Tvenn andmæli bárust, frá Önnu Elísabetu Ólafsdóttur og Javier Sánchez Merina. Háskólaráð taldi ekki koma fram nein atriði sem gáfu tilefni til endurskoðunar á mati valnefndar á umsækjendum, en gögnin munu fylgja öðrum gögnum umsækjenda og gögnum málsins.

Eyjólfur Guðmundsson, umsækjandi um stöðu rektors, kom á fundinn en hann hafði verið boðaður í annað viðtal. Viðtalið við Eyjólf var tekið upp á diktafón og mun fylgja gögnum málsins.

Háskólaráð samþykkti í kjölfar viðtalsins, með öllum greiddum atkvæðum, að tilnefna Eyjólf Guðmundsson sem rektor Háskólans á Akureyri til næstu fimm ára, frá 1. júlí. Staðgengill rektors mun útbúa erindi þess efnis til mennta- og menningarmálaráðherra og ganga frá kynningarefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30



Staðgengill rektors  
Finnbogi Jónsson  
Hermína Gunnþórsdóttir  
Eyjólfur Guðmundsson



Sigrún Stefánsdóttir



HS  
85